

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur/ útgáfa: 11.02.2008 / 1

Kemur í stað: /

Útskriftardagur: 11.2.2008

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti:

Hreinsispritt

Framleiðandi:

Mjöll Frigg hf.Austursíða 3
603 Akureyri
Sími: 512 3000
Fax: 512 3059
Netfang: akureyri@mjollfrigg.isVesturvör 30C
200 Kópavogur
Sími: 512 3000
Fax: 568 0161
Heimasíða: www.mjollfrigg.is

Slys:

Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222.
Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf lækis. Sími
Neyðarlínunnar er 112.

2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.):

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Etanól	67-17-5	200-578-6	F	11	>50%
Ísóprópanól	67-63-0	200-661-7	F	11-36-37	5-10%
Iso C13 alkóhól etoxýlat	3	-	Xi	41	5-10%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Almennt:	Eldfimt og hvarfast kröftuglega við oxandi efni. Myndar sprengifima blöndu með andrúmslofti.
Innöndun:	Getur valdið ertingu í hálsi, hósta, höfuðverk, þreytu, sljóleika og minnkandi viðbragðshæfni.
Inntaka:	Veldur höfuðverk, þreytu, sljóleika, minnkandi viðbragðshæfni og í miklu magni krampa og meðvitundarleysi. Getur valdið lífraskemmdum.
Húð:	Endurtekin og langvarandi snerting við húð veldur affitun húðar. Fjarlægð mengað fót vegna brunahættu.
Augu:	Veldur erting í augum og slettur í þau ber að skola strax úr.

4. SKYNDIÐHJÁLÐ

Almennt:	Ef að grunur um krankleika eða heilsutjón vaknar leitið þá strax lækis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis. Fatnaður sem blotnar af efninu er eldfimur.
Inntaka:	Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni, ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið ekki uppköst. Leitið lækis.
Snerting við augu:	Mjög mikilvægt! Skolið strax með vatni að minnsta kosti í 15 mínútur (haldið augnlokunum sundurglennnum), og síðan á sjúkrahús. Augnlæknir.
Innöndun:	Ferst loft, hiti og hvíld. Skolið nef og munn með vatni. Leitið strax lækis ef mikilla óþæginda verður vart. Athugið! Reyndu aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Almennt:	Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust.
Brennanleiki:	Efnið er eldfimt.
Slökkviefni:	Allar tegundir slökkviefna.
Hættuleg niðurbrots-efni við bruna:	Kolmónoxíð og koldíoxíð geta myndast.

Hlíðararbúnaður við
slökkvistörf: Hlíðargalli og reykköfunarbúnaður.

6. EFNALEKI

Til verndar fólki: Gætið þess að efnið komist ekki í snertingu við opinn eld eða oxandi efni (sjá 8. lið).

Til verndar umhverfi: Komið í veg fyrir að varan berist í niðurföll eða mengi grunnvatn eða jarðveg. Þynnið með miklu magni af vatni.

Hreinsun: Hreinsið upp með ísogsefni, t.d. sandi mold eða sambærilegu. Komið ísogsefninu í tóm ílát til förgunar (sjá 13. lið). Við líttin leka er best að skola efninu í niðurfall með miklu vatni.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun: Eldfimt. Almennar ráðstafanir sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna. Ekki koma nálægt opnum eldi eða hitagjöfum.

Geymsla: Geymist í upprunalegu umbúðunum, lokuðum, á þurrum og vel loftræstum stað þar sem að börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Geymslutími a.m.k. eitt ár sé leiðbeiningum um geymsluaðstæður fylgt.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍÐARBÚNAÐUR

Mengunarmörk: Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna. Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi	Þakgildi
Etanól	67-17-5	200-578-6	1000 ppm (1900 mg/m ³)	
Ísóprópanól	67-63-0	200-661-7	200 ppm (490 mg/m ³)	

Tæknilegar öryggisráðstafanir: Tryggið góða loftræstingu. Öryggissturta og augnskölunartæki þurfa að vera tiltæk.

Persónuhlífar:

-Öndunargrímur: Sía A/P2 brún (lífrænt efni) ef loftræsting er ekki fullnægjandi.

-Augu: Öryggisglæraugu eða andlitshlíf.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Ástand og útlit: Glær vökvi.

Lykt: Einkennandi.

Suðumark [°C]: ~ 78.

Blossamark [°C]: ~ 27.

Bræðslumark [°C]: ~ -48.

Hætta á sjálfíkveikju: >400 °C

Eldnærandi eiginleikar: Já.

Eðlisþyngd [kg/m³]: 870 ± 5.

Leysanleiki í vatni: Leysist í öllum hlutföllum.

Leysanleiki í öðrum leysiefnum: Leysist í flestum lífrænum leysum.

Þykkt: Ekki þekkt.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki: Varan er stöðug við tilætlaða notkun, og réttar geymsluaðstæður. Forðist hita, beint sólarljós og aðra íkveikjuvalda.

Efni sem skal varast: Oxunarmiðlar, m.a. perklorat, perklorásýra, asetýl klóríð, krómoxíð, vetnisperoxíð, saltpétursýra, ýmis nitratsambönd platínu og kalíum.

Hættuleg niðurbrots-efni: Við bruna getur kolmónoxíð og koldíoxíð myndast.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Almennt:	Eftirfarandi upplýsingar byggja á upplýsingum frá framleiðanda innihaldsefna vörunnar.
Innöndun:	Við mikla þéttni getur valdið höfuðverk, svima, sljóleika, ógleði, og meðvitundarleysi. Gufur valda ertingu í hálsi og lungum og geta valdið alvarlegum lungnaskemmdum.
Augu:	Getur valdið ertingu.
Inntaka:	Getur haft áhrif á miðtaugakerfi. Getur valdið höfuðverk, svima, sljóleika, ógleði og meðvitundarleysi. Getur valdið innvortis skemmdum.
Heilsuhætta:	Inntaka
<i>Efni</i>	<i>LD50_{rotta} mg/kg</i>
Etanól	14000
Ísóprópanól	2000

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Engar upplýsingar liggja fyrir um vöruna sjálfa en ekki er talið að innihaldsefni hennar safnist fyrir í lífkeðjunni samkvæmt upplýsingum framleiðanda.

13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lítinn efnaleka sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR

ADR (flutningar á vegum)

SP-númer:	1170
Innihaldslýsing:	ETANÓL (ETÝLALKÓHÓL LAUSN)
Flokkur:	3
Pökkunarflokkur:	III
Hættunúmer:	30
ADR-merking:	3

IMDG (flutningar á sjó)

UN-number:	1170
Proper ship name:	ETHANOL (ETHYL ALCOHOL SOLUTION)
Class:	3
Packing group:	III
MFAG table no.:	305
EmS no.:	3-06

DGR (flutningar í lofti)

UN-number:	1170
Proper ship name:	ETHANOL (ETHYL ALCOHOL SOLUTION)
Packing group:	II

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

Merking:



H-setningar:

10 Eldfimt.

V-setningar:

- 2 Geymist þar sem börn ná ekki til.
7 Umbúðir skulu vera vel luktar.
23 Varist innöndun úða.
25 Varist snertingu við augu.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Útgáfudagur: 11.02.2008

Útgáfa: 1.

Kemur í stað:

Höfundur: Heimir Haraldsson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.